



# Fundargerð 261.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 12. maí 2021 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í Hrísey.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Björg Erlingsdóttir og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Skemmtiferðaskip, horfur.

Hafnarstjóri kynnti stöðu mála er varðar komur skemmtiferðaskipa til hafna HN sumarið 2021. Á þessum tímapunkti virðist vera sem einhver tugur skipa muni koma í sumar. Útgerðir þessara skipa gera flest þær kröfur að eingöngu verði siglt með bólusetta farþega sem gerir allt landamæraeftirlit mun auðveldara. Vel hefur gengið að selja í þessar ferðir og eru dæmi þess að þær hafi selst upp á örfáum dögum. Horfur fyrir næstu ár eru afar góðar og þegar hafa 180 skip bókað sig fyrir sumarið 2022 og 105 hafa bókað komu árið 2023.

### 2. Starfsmannamál.

Hafnarstjóri fór yfir starfsmannahald sumarsins auk þess að kynna auglýsingu og starfslýsingu fyrir stöðu verkefnastjóra sem lengi hafa verið áform um að auglýsa. Hafnarstjóra falið að auglýsa stöðuna og ráða í hana í kjölfarið.

### 3. Framkvæmdir.

Hafnarstjóri fór yfir þær verklegu framkvæmdir sem eru í gangi og eru í hönnun. M.a. farið yfir viðhaldsvinnu á bryggju í Hrísey, viðgerð á þekju við ÚA og 2. áfangi rafvæðingar Tangabryggju kynntur. Hafnarstjóra falið að auglýsa 2. áfanga rafvæðingar Tangabryggju og semja við lægstbjóðanda.

### 4. Rekstur fyrstu fjóra mánuði ársins.

Hafnarstjóri kynnti áætlaða niðurstöðu rekstrar fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17.30

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---



Axel Grettisson

---

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

---

Ólína Freysteinsdóttir

---

Þróstur Friðfinnsson

---

Björg Erlingsdóttir

---

Þórhallur Jónsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---